

HLÍF SIGURJÓNSDÓTTIR hóf nám hjá Gígju Jóhannsdóttur í Barnamúsíkskólanum og var síðan nemandi Björns Ólafssonar í Tónlistarskólanum í Reykjavík, en þaðan lauk hún einleikarprófi árið 1974. Framhaldsnám stundaði Hlíf við háskólann í Indiana 1975–77, við háskólann í Toronto 77–79 og veturna 79–81 var hún styrkþegi við Listaskólann í Banff í Kanada. Hlíf kom fyrst fram opinberlega sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands 11 ára gömul. Hún hefur leikið kammertónlist og einleik hér heima og víða erlendis og er nú á förum í tónleikaferð til Þýskalands, Frakklands og Sviss. Hlíf hlaut 3ja mánaða starfslaun listamanna á þessu vori.

ANNA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR er fædd í Reykjavík árið 1958. Hún lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1979 en stundaði síðan nám við Guildhall School of Music and Drama í London í 3 ár og lauk Post Graduate Diploma í kammermúsík. Hún leikur nú í Íslensku hljómsveitinni og leiðbeinir við Söngdeild Tónlistarskólans í Reykjavík.

HLÍF SIGURJÓNSDÓTTIR

fiðluleikari

ANNA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR

píanóleikari

TÓNLEIKAR

Laugardaginn 15. júní kl. 15.00



SIGURJÓNSVAKA



í Listasafni ASÍ, Grensásvegi 16

Efnisskrá

LUDWIG VAN BEETHOVEN

Sónata opus 24, F dúr „Vorsónatan“

Allegro

Adagio molto espressivo

Scherzo – Allegro molto

Rondo – Allegro ma non troppo

HLÉ

GABRIEL FAURÉ

Sónata opus 13, A dúr

Allegro molto

Andante

Allegro vivo

Allegro quasi presto

PABLO SARASATE

Carmen

Fantasía eftir óperu Bizet, opus 25